

Um Chiquitu Barreto¹

Chiquita Barreto er fædd í Caaguazú-héraði í Paragvæ árið 1947. Hún lauk fyrst kennaranámi en lagði síðar stund á framhaldsnám í uppeldis- og kennslufræðum við Kaþólska háskólann í Asunción, höfuðborg Paragvæ. Hún hefur starfað sem háskólakennari um árabíl og tekið virkan þátt í réttindabaráttu kvenna og starfað ötullega með kennarasamtökum heimalandsins. Hún er enn fremur vel þekkt sem leikstjóri nemendaleikhúsa á ýmsum skólastigum.

Barreto skrifaði sig fyrst á spjöld bókmenntasögu Paragvæ með smásagnasöfnunum *Með sorg og sýt* (*Con pena y sin gloria*, 1990), *Með sálina í húðinni* (*Con el alma en la piel*, 1994) og *Óráð og vissa* (*Delirios y certezas*, 1995). Síðan þá hafa smásögur hennar birst í blöðum, tímaritum og safnrítum víða og nokkrar verið þýddar á guaraní² og ensku. Frá upphafi hefur Barreto beint kastljósinu að málefnum er varða stöðu kvenna, jaðarsetningu þeirra í samfélaginu og forboðnum málum eins og þrám og löngunum kvenna, efnistöðum sem hún var á sínum tíma harðlega gagnrýnd fyrir af menningarelfu heimalandsins.

Frá aldamótum hefur Barreto snúið sér meira að skáldsagnaritun. Eftir hana liggja, auk nokkurra barna- og unglingabóka, fjöldi sagnasveiga og skáldsagna þar sem konur gegna aðalhlutverki. Markmið höfundarins er áfram að varpa ljósi á jaðarstöðu kvenna, gagnrýna ríkjandi hugmyndir feðraveldisins um hlutverk kvenna auk þess

1 Upplýsingar sóttar af menningarsíðum dagblaðsins ABC, sjá: <https://www.abc.com.py/edicion-impresa/suplementos/cultural/sobre-al-amparo-del-tiempo-de-chiquita-barreto-y-la-problematika-femenina-597544.html> og af : <https://www.biblioteca.org.ar/libros/300350.pdf> Sótt í mars 2020.

2 Talið er að um 12 milljónir manna tali guaraní. Tungumálið er annað tveggja opinberra tungumála í Paragvæ. Til frekari upplýsinga sjá: <https://www.britannica.com/topic/Guarani-language>.

að ígrunda samfélag sitt og samtíma. Meðal þekktustu verka hennar eru Mögnuð hvíld (*Una siesta asombrosa*, 2006), Úr stjörnum og leir erum við (*De estrella y barro somos*, 2007), Vaxkonur (*Mujeres de cera*, 2009), Þöggðu rödd (*La voz negada*, 2011) og Í skjóli tímans (*Al amparo del tiempo*) frá 2012.

Fyrir skáldsögu sína Nöfnin sem ég bý í (*Los nombres que habito*) áskotnuðust henni árið 2015 Roque Ganoa bókmenntaverðlaunin sem rithöfundasamband Paragvæ veitir. Árið 2017 kom svo út skáldsagan Hvert fara kettirnir þegar rignir? (*¿Dónde van los gatos cuando llueve?*) og skáldsagan Tími og tímaleysi (*Tiempo y destiempo*) árið 2019.

Smásagan sem hér hefur verið valin til þýðingar er fengin úr safnríti um smásagnarritun kvenna frá Paragvæ sem út kom hjá háskólaútgáfu Asunción-háskóla, með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar, árið 2005. Hún veitir innsýn í höfundarverk Chiquitu Barreto.

Allt fór fjandans til¹

Þessi saga er um sjálfa mig. Þessa faglegu, virtu og virðulegu manneskju sem mark var á takandi við öll tilefni. Allt til þess dags þegar lífið gerbreyttist á svipstundu átti ég fyrirmyndarfjölskyldu.

Það gerðist að morgni dags rétt um það leyti sem ég nálgadist fimmtugt. Ég man að það var heiðskírt þennan dag. Ég stóð á götuhorni fyrir framan notalegt kaffihús og beið eftir leigubíl. Að venju klæddist ég látlausri, fallelgri, tvískiptri dragt. Skyndilega sé ég útundan mér konu sem líkist mér mjög nema hvað undir hárauðum kjólnum geislar kynþokki hennar. Í stað þess að halda á skjalatösku eins og ég geri ávallt, hangir fínlegt veski yfir öxl hennar. Þó að mér þætti klæðaburður hennar ekki viðeigandi á þessum tíma dags var konan glæsileg. En ekki hvað. Ég klæddi mig hins vegar ávallt á hefðbundnari hátt.

Líklega var það ekki einungis vegna klæðaburðarins heldur líka vegna þess hvernig hún bar sig að hún fangaði athygli karlmanna. Við vorum staddir á fjölfarinni götu og þessi augntillit virtust skriða upp eftir líkama hennar, frá fallelgu skónum, fikra sig upp að brjóstunum og nema staðar við hálsinn. Það blasti við að tvívari minn og ég erum að eðlisfari algjörar andstæður. Ég velti því fyrir mér við hvað hún ynni. Hún er sannarlega ekki smekklaus, heldur hefur góðan smekk, og þótt hún líti ekki út fyrir að vera mikið eldri en þrítug þá er ég viss um að við séum jafnöldrur.

Ég ímynda mér hana hálfpartinn missa stjórn á sér í faðmi ábúðar-mikils karlmanns og hugsa til míns eigin ömurlega hjónalífs. Allur

1 Sagan ber yfirskriftina „Se fue todo al carajo“ á frummálinu. Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: antología de cuentistas paraguayas*. Ritsstj. María del Carmen Pompa Quiróz. Universidad Nacional de Asunción: Asunción, Paragvæ, 2005.

neisti milli mín og eiginmanns míns er sloknaður. Satt að segja hafði hann aldrei verið til staðar. Hann hafði aldrei verið umhyggjusamur elskhugi. Þegar ég fór sjálf að huga að eigin þörfum og uppgötvaði að ég þurfti að svala þorsta mínum langaði mig til þess að hann skildi það. Ég gerði tilraun til að kenna honum á hin ólíku svæði kvenlíkamans en hann lét það sem vind um eyru þjóta. Elskulegur eiginmaður minn hafði engan áhuga á því að láta segja sér til. Hann hafði sína eigin aðferð, jafnvel þótt á þessu sviði sem og öðrum byggji hann ekki að neinni sérstakri þekkingu. Með tímanum gerði ég mér grein fyrir því að hann var handónýtur í þessum efnum.

Í augum karlmanna erum við konur framandi verur. Þeir taka áhættu og fylgja henni eftir og mistökum þeirra verður ekki leynt. Við konur búum í einskönar musteri sem einungis er mögulegt að opna með okkar eigin samþykki.

En, ég átti yndislega fjölskyldu og dásamlegar dætur.

Smám saman lognaðist samlíf okkar hjóna út af og það fjaraði undan velferð eiginmannsins. Hann var í sífelldri en vonlausri leit að ánægju, hvort sem hún var keypt, leigð eða fengin að skiptum. Hann virtist villuráfandi í tilraunum sínum og var fyrirmunað að finna leið til farsældar.

Konan í rauða kjólnum og ég biðum en leigubíllinn kom ekki. Allt í einu opnast dyr á glæsivagni og ég sé hvar rauðklædda konan sest inn þegar stórmyndarlegur maður spyr með þeirri karlmannlegustu röddu sem ég hef á ævi minni heyrt:

– Hvert get ég ekið þér?

Áður en ég næ að svara er konan í rauða kjólnum búin að því:

– Farðu með mig að hliði paradísar.

Ég stíg upp í bílinn eins og ég sé undir áhrifum, ringluð og mállaus.

Öll þrjú förum við saman á fimm stjórnunni hjóla. Ég klæði mig úr, feimin eins og skólustelpa, og legg dragtina snyrtilega á fatagrind. Konan í rauða kjólnum afklæðir sig af mikilli færni, hún virðist dansa líkt og mjúkur, seiðandi taktur hljómi innra með henni.

Maðurinn virðir hana fyrir sér en hún tekur ekkert eftir mér. Ég spyr sjálfa mig að því hvað ég sé að gera hérna nakin og skjálfandi af feimni á milli þeirra. Ég horfi á fagarar útlínur konunnar og sam-

stundis finn ég fyrir heitum og sætum vörum glæsimennisins á mínum. Ég muldra einhverja fjarstæðu:

– Ég er gift. Ég er heiðvirð kona.

Og hann svarar:

– Ég líka.

Ég veit ekki hvað varð af konunni í rauða kjólnum eftir þetta.

* * * * *

Í dag er ég ein á báti og nafn mitt er á allra vörum.

Allt gerðist án þess að það gengi of langt, en maðurinn sem fylgdi mér í paradís fékk þá hræðilegu hugmynd að deyja úr hjartaáfalli. Upp frá þeirri stundu varð ævintýri virðulegrar, heiðvirðrar konu eins og mín að almannarómi. Að því er virðist hafði konan í rauða kjólnum ávallt verið hin hliðin á sjálfri mér í leit að eigin falli.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku